

## Velferðarráðuneytið

### Minnisblað

Viðtakandi: **Velferðarnefnd**  
Sendandi: **Velferðarráðuneyti**  
Dagsetning: **21.01.2013**  
Málsnúmer: **VEL12100021**  
Bréfalykill: **02.11.01**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og lögum um verslun með áfengi og tóbak (reyklaust tóbak, ungt fólk o.fl.)

Velferðarnefnd hefur óskað eftir skriflegri útlistun á því að hvaða leyti fyrirbyggjandi frumvarp um breytingu á lögum um tóbaksvarnir og lögum um verslun með áfengi og tóbak (499. mál, 141. löggjafarþing) gangi lengra í banni við tóbaksvörum en er samkvæmt tilskipun 2001/37/EB.

Í stuttu máli er svarið við fyrirspurninni að allt munntóbak, nema skrotóbak, er bannað samkvæmt tilskipuninni. Engar sérreglur gilda á EES-svæðinu um neftóbak (almennar reglur tilskipunarinnar t.d. um viðvörunarmerkingar og ákvæði um skrá yfir innihaldsefni gilda). Í eldri tilskipun ESB um tóbak (92/41/EBE) var allt munntóbak bannað fyrir utan „traditional tobacco products“ sem gat átt við íslenska neftóbakið, sjá þingskjal 554, 313. mál, 120. löggjafarþing.

- Samkvæmt lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, með síðari breytingum, er allt munntóbak bannað á Íslandi nema skrotóbak. Fínkornótt neftóbak er einnig bannað en grófkornótt neftóbak er heimilt að flytja inn, framleiða og selja.
- Ef fyrirbyggjandi frumvarp verður að lögum verður allt munntóbak bannað, þar með talið skrotóbak og er því gengið lengra með slíku banni en tilskipunin kveður á um. Áfram verður heimilt að flytja inn, framleiða og selja grófkornótt neftóbak. Frumvarpið gengur einnig lengra en tilskipunin þar sem lagt er til að bannað verði að flytja inn, framleiða og selja tóbaksvörur, sem sérstaklega er beint að ungu fólki með tilliti til bragð- og lyktarefna, útlits, stærðar og lögunar umbúða, heitis vörur og markaðssetningar og framsetningar hennar að öðru leyti.

Velferðarnefnd til fróðleiks fylgja hér með stuttir minnispunktar um innihald núgildandi tóbakstilskipunar ESB og helstu atriði nýrra draga að endurbættri tóbakstilskipun.

Innihald tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnáslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum:

- Kveðið er á um hámarksmagn tjöru, níkótíns og kolsýrings í vindlingum og hvernig það skuli mælt.
- Magn tjöru, níkótíns og kolsýrings sem vindlingar gefa frá sér skal merkt á vindlingapakka.
- Fjallar um þær viðvörunarmerkingar sem skulu vera á tóbaksvörupakkningum, hvað skuli standa og stærð viðvaranna.
- Krafa um að framleiðendur og innflytjendur tóbaksvara leggi fram skrá yfir öll innihaldsefni ásamt magni sem eru notuð við framleiðslu á þessum tóbaksvörum.
- Merkingar sem gefa til kynna að tiltekna tóbaksvörur séu ekki eins skaðlegar og aðrar skulu ekki notaðar á umbúðir tóbaksvara.
- Allt munntóbak er bannað, þó ekki í Svíþjóð (og Noregi, skv. undanþágu í EES-samningnum). Samkvæmt tilskipuninni er munntóbak skilgreint sem allar vörur til töku í munn, gerðar að öllu leyti eða hluta til úr tóbaki, í formi dufts eða fingerðra agna eða samsettar úr þessum formum, einkum þær sem eru í smápökum eða grópbréfum eða í formi sem minnir á matvæli, nema þær vörur sem ætlaðar eru til reykinga eða eru tuggðar.

Skrotóbak, tóbak sem er tuggið, er því leyft samkvæmt tilskipuninni.

- Tilskipunin inniheldur engin sérákvæði um tóbak sem tekið er í nef.
- Tilskipunin hefur ekki áhrif á rétt ríkja til að setja eða taka upp strangari reglur varðandi framleiðslu, innflutning, sölu og neyslu á tóbaksvörum sem þau álíta nauðsynlegar til að vernda almannahæilbrigði, að því tilskildu að reglurnar stangist ekki á við reglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipuninni. Hérna þarf þó að fylgja málsmeðferðarreglum og tilkynna þessar reglur til ESA og hinna aðildarríkjanna samkvæmt tæknilega tilkynningarferlinu.

Tillögur framkvæmdastjórnar ESB um nýja tóbakstilskipun (kynnt 19.12.2012)

- Áfram er lagt bann við munntóbaki (Svíar halda sinni undanþágu).
- Áhersla er á að draga úr nýliðun tóbaksnotenda, áhersla á ungt fólk.
- Tóbaksvörur með „characterising flavour“, eins og mentol-vindlingar og reyklaust tóbak með lakkrísbragði, verða bannaðar. Segja má að sett verði sú regla að tóbak eigi að bragðast eins og tóbak. Einnig verða aukaefni sem gefa til kynna að varan sé holl (t.d. koffín og vítamín) bönnuð.
- Viðvörðunarkerkingar á vindlingapökkum stækka og gerðar meira áberandi.
- Strangari reglur settar um sölu tóbaks á netinu.
- Rafvindlingar með nikótíninnihald yfir ákveðnum mörkum aðeins leyfðir á grundvelli reglna um lyf.
- Viðvörðunarkerkingar verða settar á vörur sem innihalda ekki tóbak en eru ætlaðar til reykinga.
- Aukið eftirlit til að tryggja að eingöngu vörur sem uppfylla tilskipunina séu til sölu á EES-svæðinu.